

**Nd.**

**§3. Frumvarp**

til laga um þyngd bakarabrauða.

(Eftir 3. umr. i Ed.).

1. gr.

Bæjarstjórnnum og sveitarstjórnnum veitist heimild til að ákveða með samþykkt þyngd bakarabrauða, hver í sinum kaupstað eða sveit, og skal bökurum óheimilt að selja brauð með öðrum þunga en ákveðinn verður með tjeðri samþykkt.

Þó skal það ekki teljast brot á samþykktum þessum, þótt einstök brauð sjeu 2% ljettari eða þyngri en samþykktin tiltekur, en á þyngd 20 brauða má mismunurinn aðeins vera 1%.

2. gr.

Samþyktir eftir lögum þessum öðlast ekki gildi fyr en stjórnarráðið hefir staðfest þær, og skulu þær birtar í B-deild Stjórnartíðindanna.

3. gr.

Í samþyktum þeim, er settar verða samkvæmt lögum þessum, má meðal annars ákveða sektir 25–500 krónur fyrir brot. Sektir allar renna í bæjar- eða sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

Með mál út af brotum gegn samþykt eftir lögum þessum skal farið sem með opinber lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.